

um. Hann getur ekki dulið sinn innri mann. Hvern mann er hægt að lesa í gegn. Sumir menn kalla sig frjálslynda, en eru það ekki og bera þess engin einkenni. Aðrir neita að þeir séu frjálslyndir, en eru það þó. Sumir, og þeir ekki svo fáir, misbjóða sínu eigin máli með því að nefna vissa hluti öðru nafni en því rétta. Sumir jafnvel ganga svo langt að halda því fram, að nafnið meini ekkert, einu megi gilda, hvað sérhvað sé kallað. En það er röng skoðun. Sérhver hlutur eða hugmynd hefir sitt heiti og hefir öðlast það nafn á jafn náttúrlegan hátt og hvert annað eðliseinkenni sitt. Fáir myndu láta sér detta í hug, að nefna steininn brauð eða vatnið víн. Eins er með hugmyndir. Þrenning er alt annað hugtak en eining. Eins er þrenningartrú annað en eindartrú, Lútherstrú annað en Unitaratrú, kraftaverkatrú annað en náttúruþekking, innblásturstrú annað en hærri krítik, bíblíubókstafstrú annað en framþróunarvísindin, hjátrú annað en heimspeki.

Það gerir samt sem áður minna til nú orðið, hvað hver um sig þykist vera, af því nú er menningin komin svo hátt, að hvers þekkist á hans innra eðli, á því hvar hann heldur sig, hvað hann segir, gerir og hvernig hann lítur út. Frjálslyndið er sálarfræðileg einkunn, sem er að þróast í íslenzku eðli dag af degi. Og það er að verða svo stór einkunn í íslenzku þjóðlifi, að það er að sprengja af sér gömlu gjarðirnar. Í seinni tíð hefir þetta frjálslyndi, hvað trúmalin snertir, verið nefnt Unitaratrú. Sumir þekkja ekki þessi einkenni á fræðimannlegan hátt, enda þó þeir sjálfir beri þau, aðrir neita að þeir hafi þau, og forðast því þann félagsskap, þó einkennin þekkist á þeim. Þeim mönnum farnast líkt og manninum, sem reyndi að flýja skuggann sinn.

En nú eru tímamót. Bráðum kemur sá tími, að menn viðurkenna almennt allar frjálsar skoðanir undir sínum réttu nöfnum. Íslendingum vex óðum siðferðislegt þor og þrek. Pessi ó-hreinskilmis alda, sem ris hæst, veltur hjá, og þá breinkast til. Botngjörðin fer bráðum að springa af afturhaldskeraldinu.

